



# SKÝRSLA

um verkefnið TUFF-Reykjavík 2019-2020

Apríl 2020

## **Efnisyfirlit:**

Samþykkt borgarráðs.....	2
Stýrihópur TUFF-Reykjavík.....	2
Áfangakýrsla um framkvæmd TUFF-Reykjavík 2019-2020.....	3
Tillögur stýrihóps TUFF-Reykjavík.....	12
Lokaorð.....	14

## **Samþykkt borgarráðs:**

Í apríl 2019 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að fela TUFF-samtökunum að vinna að verkefni í Reykjavík sem hefði það að markmiði að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og frístundastarfi (Sjá nánar í samstarfsyfirlýsingu síðar í skýrslunni).

## **Stýrihópur TUFF-Reykjavík:**

Stýrihópur verkefnisins var skipaður í apríl 2020 og í honum sátu eftirtaldir:

Dr. Shamender Talvar frá TUFF – Ísland

Nichole Mosty frá TUFF - Ísland

Gerður Sveinsdóttir frá ÍTR

Óskar Dýrmundur Ólafsson frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar(VEL)/Þjónustumiðstöð Breiðholts

Þráinn Hafsteinsson frá Þjónustumiðstöð Breiðholts

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Helgi Bjarnason frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur (SFS)/Fellaskóla

Hermann Valsson frá SFS/Austurbæjarskóla

Barbara Jean Kristvinsson frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Kjartan Ásmundsson frá ÍBR

Eftirtaldir mættu á einn fund eða fleiri sem varamenn aðalfulltrúa:

Hrund Hafsteinsdóttir frá TUFF – Íslands

Friðjón Friðjónsson frá TUFF – Ísland

Nolan Williams frá TUFF – Ísland

Anna Prior frá TUFF international

Hörður Heiðar Guðbjörnsson frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Arna Björk Birgisdóttir frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Harpa Þorsteinsdóttir (Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða)

Henný Sigurjónsdóttir SFS/Austurbæjarskóla

Jóna Hildur Bjarnadóttir frá ÍBR

Joanna Marcinkowska frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Stýrihópurinn hélt samtals 14 fundi á tímabilinu apríl 2019 til janúar 2020 þar sem ákvarðanir voru teknar um framkvæmd verkefnisins hverju sinni. Fundargerðir eru allar vistaðar hjá ÍTR en Gerður Sveinsdóttir fulltrúi ÍTR í stýrhópnum sá um boðun fundanna og ritun fundargerða.

## **Skýrsla um framkvæmd TUFF-Reykjavík verkefnisins 2019-2020:**

Í skýrslunni hér að neðan „Tuff Project Report Reykjavik, Mid Term 2019/2020“ er að finna nánari lýsingu á hvernig verkefnið var unnið:



**TUFF PROJECT REPORT  
REYKJAVIK**

**MID-TERM**

**2019/20**





Mid term project report compiled by

Dr. Shamender Talwar (TUFF)

Mr. Thrain Hafsteinsson (Reykjavik City Council - Breidholt)

Thanks to TUFF UK Administration & Design Team

TUFF



## TUFF - Reykjavík 2019-2020

(Breiðholt and Miðbær/Hlíðar)

### Samstarf Reykjavíkurborgar og TUFF Ísland

TUFF Ísland eru verkefni sem nota íþróttir og tómstundir til þess að kenna börnum mikilvæg samfélagsleg gildi, viðurkenndar leikreglur samfélagsins og brúa menningarlegt bil milli barna af fjölbreyttum uppruna. Áhersla er lögð á umburðarlyndi, samkennd og gagnkvæma virðingu, óháð uppruna, þjóðerni, tungumáli og trúarbrögðum.

Þetta er forvarnarverkefni sem miðar að því að öll börn, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga í samfélaginu, tryggir betri árangur þeirra í námi og gefur þeim mikilvægan grunn fyrir framtíðina.

Lögð er sérstök áhersla á að hjálpa börnum sem hafa sökum félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna, ekki tækifæri til þess að taka þátt í íþróttum eða tómstundum. Einnig er lögð áhersla á að ná til barna af erlendum uppruna.

Þátttaka barna í íþróttum og tómstundum er mikilvæg leið til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun og í tilviki barna af erlendum uppruna, stuðlar betur að því að börnin og fjölskyldur þeirra aðlagist betur íslensku samfélagi. Mikilvægt er að vinna með foreldrum erlendra barna til þess að kynna fyrir þeim þau tækifæri sem börn þeirra hafa til þátttöku í íþróttum og tómstundum.

Í því skyni að ná til sem flestra barna er kynningarefni útbúið á nokkrum tungumálum og dreift víða. Kynningar eru einnig haldnar í skólum, fristundaheimilum, félagsmiðstöðvum, trúfélögum, móðurmálsskólum og annars staðar.

TUFF leitast einnig við að leiða saman börn af ólíkum uppruna og bakgrunni í gegnum þátttöku í íþróttum. Mikilvægt er að ekki myndist félagslegt og menningarlegt bil á milli barna.

Þátttakendur í framkvæmd TUFF Ísland verkefna eru flestar einingar samfélagsins sem vinna að eða tengjast velferð barna og unglinga. TUFF Ísland vinnur því með skólum, íþróttafélögum, félagsmiðstöðvum, tómstundaheimilum, þjónustumiðstöðvum hverfa, trúfélögum, móðurmálsskólum, foreldrafélögum og Samfés.

TUFF Ísland tengir viðkomandi þessa aðila með það fyrir augum að íþróttir og tómstundir verði hluti af þverfaglegri samþættingu úrræða fyrir börn og ungmenni. Verkefnið samræmir og styður við annað starf sem fyrir er á þessum vettvangi.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson er verndari TUFF Ísland, en einnig hafa KSÍ, breska sendiráðið, ÍBR og lögreglan í Reykjavík lýst stuðningi við verkefnið.

TUFF Ísland gerði tilraunaverkefni í Breiðholti í samstarfi við Reykjavíkurborg sem stóð í 3 mánuði. Verkefnið gekk mjög vel en ljóst var að 3 mánuðir var of stuttur tími.



Framkvæmd verkefnisins var kynnt með skýrslu verkefnishóps TUFF Breiðholts til Reykjavíkurborgar í júní 2018.

Í tillögu til borgarráðs vegna TUFF Breiðholt, dags 22. nóvember 2017 kom fram að samstarfsaðilar, Reykjavíkurborg and TUFF Ísland, myndu ákveða næstu skref, þ.á.m. hvort og hvar verkefnið verður útfært annars staðar í Reykjavík. Markmiðið væri að reynslan af tilraunaverkefninu í Breiðholti yrði nýtt til þess að útfæra í öðrum hverfum Reykjavíkur og framhaldið í Breiðholti.

Þjónustumiðstöðin og hverfisstjóri í Breiðholti hafa undirstrikað mikilvægi þess að halda verkefninu áfram í Breiðholti. Verkefnið hafi verið afar gagnlegt bæði fyrir starfsmenn og fyrir hverfið í heild. Íþróttafélögin KR og Valur hafa einnig lýst áhuga á að hefja TUFF verkefnið í október í samstarfi við þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða í Reykjavík. Undirbúningur hefur þegar hafist hjá báðum félögum og verið rætt við þjónustumiðstöð. Verkefnið getur því hafist þar strax.

**Með vísan til framangreinds er eftirfarandi tillaga lögð fyrir borgarráð:**

1. TUFF Ísland verði falið að framkvæma verkefnið í Reykjavík í samstarfi við Reykjavíkurborg. Verkefnið verði framkvæmt í 18 mánuði og hefjist í október 2018. Öllum íþróttafélögum í Reykjavík standi til boða að taka þátt í verkefninu.
2. Markmiðið verði að auka þátttöku barna og unglinga í íþróttum og tómstundum, með áherslu á börn sem hafa sökum félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna, ekki tækifæri til þess að taka þátt í íþróttum eða tómstundum, og börn af erlendum uppruna.
3. Skipulag og framkvæmd verkefnisins verði unnið í nánu samstarfi milli TUFF Ísland og þjónustumiðstöðva Reykjavíkur. TUFF Ísland starfi einnig náið með öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar sem koma að velferð barna, móttöku barna af erlendum uppruna og skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.
4. Skipulag verkefnisins verði í höndum verkefnishóps sem skipuleggur í viðkomandi hverfi fyrir sig. Þar sitja fulltrúar frá þjónustumiðstöð viðkomandi hverfis, frá TUFF Ísland, íþróttafélagi/félögum og fulltrúar tómstunda á hverjum stað.
5. Unnið verði með náið með öllum einingum samfélagsins sem koma að velferð barna og unglinga, þ.m.t. skólum, íþróttafélögum, félagsmiðstöðvum, tómstundaheimilum, þjónustumiðstöðvum hverfa, trúfélögum, móðurmálsskólum og foreldrafélögum.
6. Stöðuskýrslum skuli skilað til Reykjavíkurborgar á 6 mánaða fresti og lokaskýrslu að loknum 18 mánuðum.
7. Nánari verkefnalýsing verði útfærð í samstarfi fulltrúa skrifstofu borgarstjóra, ÍTR, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og TUFF Ísland.



## TUFF - Reykjavik 2019-2020

(Breiðholt and Miðbær/Hlíðar)

TUFF - Reykjavík is a temporary nine-month project carried out by the international organization The Unity of Faiths Foundation (TUFF) and the City of Reykjavik. The aim of the project is to increase the participation of 6-15 year olds in sports and leisure activities with a special focus on children of foreign origin. Through the project, sports and organized leisure activities are systematically used to facilitate the integration of children of foreign origin into Icelandic society, strengthen self-image, teach mutual respect and values of Icelandic society, basic rights and obligations. The project is based on the City of Reykjavik's Human Rights Policy, the City of Reykjavik's Immigration Policy, the City of Reykjavik's Education Policy, the Health-promoting City Policy and the Reykjavik Intercultural City Policy. ÍTR oversees the implementation of the project on behalf of the city along with the Breiðholt and Miðbær/Hlíða service centers.

### Timeline:

<b>Apr 2019:</b>	Implementation and financial contribution of the project approved by the City Council
<b>May 2019:</b>	Planning and preparation of TUFF-Reykjavik
<b>June 2019:</b>	Planning and preparation of TUFF-Reykjavik
<b>July 2019:</b>	Summer holidays
<b>August 2019:</b>	Final preparation of TUFF-Reykjavik Planning and preparation work in Breiðholt and Miðbær / Hlíðar Information meetings in neighborhoods with partners Project promotion in neighborhoods Breiðholt and Miðbær / Hlíðar
<b>Sept. 2019:</b>	Project promotion Instruction for sports and leisure instructors Reception and registration of children and adolescents begins with Sports and Leisure.
<b>October 2019:</b>	Project promotion Reception, registration, participation and education of children and adolescents.
<b>November 2019:</b>	Project promotion Reception, registration, participation and education of children and adolescents.
<b>December 2019:</b>	Project promotion Reception, registration, participation and education of children and adolescents.





- January 2020:** Project promotion  
Reception, registration, participation and education of children and adolescents  
End of project.
- February 2020:** Report submitted to ÍTR on the project.

## **August 2019:**

### **Please see below the action plans which have been delivered:**

Making a draft of a timed action plan for TUFF-Reykjavik from August 2019 to January 31st 2020. Discussion, changes and approval on actionplan in a Reykjavik TUFF-meeting on August 12th.

#### **Meetings with school directors:**

Joint meeting with all headmasters of the elementary schools in Breiðholt on August 9th. Óskar and Þráinn presented the project at the meeting.

Meeting with the headmaster of Austurbæjarskóli.

### **Implementations of action plan:**

#### **Breiðholt opening meeting:**

August 15th-22th. TUFF-Breiðholt presentation/meeting at Gerðuberg. Representatives from all elementary schools, social workers from service center (ÞB), leisure center (Miðberg), sport clubs (ÍR, Leiknir, Ægir, Dans Brynju), leisure clubs (scouts/skátar and others), religious organizations (Moskur, kirkjur), language schools (Pólski skólinn ofl.), and other bodies.

Óskar will present the project at the meeting.

#### **Miðborg/Hlíðar opening meeting:**

August- Similar representatives as in Breiðholt.

#### **Teachers meetings:**

August 15th-22nd. Attending teachers meetings at all schools in Breiðholt and Austurbæjarskóli.

Óskar and Þráinn will present the project at the meetings in Breiðholt and Hörður/ Sigríður in Austurbæjarskóli.

#### **Meetings with social workers:**

August 15th-22nd. Meetings with social workers at the two service centers (ÞB, ÞMH).

Óskar, will present the project at the meetings and Þráinn will be at the meeting in Breiðholt and Hörður/ Sigríður in Miðborg/Hlíðar.

#### **Meetings with sports- and leisure clubs:**

August 15th-22nd. Meetings with sports clubs (ÍR, Leiknir, Ægir, Valur, Dans Brynju, skátar....)

Óskar, will present the project at the meetings and Þráinn will be at the meeting in Breiðholt and Hörður in Miðborg/Hlíðar.



**Flyers to kids and notification through Mentor:**

August 26th all school kids in Breiðholt and Austurbæjarskóli get an information flyer on the TUFF project, in three languages. The flyer will be distributed through the schools. Same information will be sent to all parents of school kids in Breiðholt and Austurbæjarskóli through Mentor.

**Welcome to the neighborhood, presentation:**

August-December: All new kids of foreign origin starting school get a special welcome with detailed information on activities in their neighborhood such's as sports and leisure. TUFF will be presented.

**September 2019:**

**Coaches and leisure workers training.**

September 2nd-6th. Meetings or online information for the coaches and leisure workers on how to meet with the new participants at first and how to take care of them and consolidate.

**Participation/Training starts:**

September 2019

**TUFF-Reykjavík 2019-2020**

**Overview and timeline of projects and work done in relation with TUFF.**

**October, November and Desember 2019**

- |              |   |
|--------------|---|
| October 1st  | TUFF-presentation in a meeting with teachers and staff in Breiðholtsskóli. Last of five meetings with teachers and staff in the primary schools in Breiðholt. These are Breiðholtsskóli, Ölduselsskóli, Seljaskóli, Fellaskóli and Hólabrekkuskóli. Referrals from teachers about children and families that want to participate in f.ex. sports. Opportunity to integrate with another project, „Welcome to the neighborhood“. |
| October 2nd  | TUFF-presentation in an open meeting with inhabitants in Breiðholt and members of the parliament representing Reykjavik.  |
| October 7th  | TUFF steering group-Reykjavik monthly meeting. <sup>1</sup> Cricket and other new sports discussed. Connection with sport clubs made.   |
| October 8th  | TUFF project and intercultural work in Reykjavik presented in a workshop at a Nordic city conference, Hjerte og smerte. Feedback given from participants.   |
| October 10th | TUFF-presentation in a meeting with principals from all elementary schools in Breiðholt and boards of parents in the same schools.  |

<sup>1</sup> Attending for TUFF steering group: ÍTR, ÍBR, schools, service centers and TUFF. Open invitation for a representative from the human rights office. Guests attend and visits are included.



- October 21st Participation in social event on behalf of the Polish ambassador with other ambassadors and internationals living in Iceland.
- October 31st TUFF project and intercultural work in Reykjavik presented for the minister of culture and equality in Norway and committee
- November 4th TUFF steering group-Reykjavik monthly meetings. Held in co-operation with the cultural department at the headquarters of the Library, Grófin. Discussions on how to include a even broader approach in regard with culture and art.
- November 5th TUFF-presentation in the Grand Mosque in Skógarhlíð.
- November 9th TUFF and women meet at the grand mosque with discussions of integration and participation. Prjoject of a swimming class only for women introduced.
- November 5th TUFF Steering group-presentation in the Mosque in Skútuvogur
- Nov. 14th TUFF-Reykjavik meeting in Austurbæjarskóli with organizers in Miðborg/Hlíðar and the principal of Austurbæjarskóli. Follow up from previous presentation for teachers.
- Nov. 22nd Participation in a meeting with the umbrella organization of mother language (Móðurmál), f.ex. The Polish school, Hola and Filipino (Inangwika)
- December 2nd TUFF Steering group-Reykjavik monthly meeting. Final report prepared for the project.







# ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR



Í BREIÐHOLTI 2019-2020

SKIPULAGT ÍPRÓTTA- OG FRÍSTUNDASTARF EYKUR LÍKUR Á VINATENGLSLUM, JÁKVÆÐRI SJALFSMYND OG AUKNU SJALFSTRAUSTI

## Íþróttafélag

**Íþróttafélag Ríykjavíkur**  
Heimilisfang: Skuggarí 12, 100 Reykjavík  
Sími: 593-7080 / 593-7086  
Netfang: [info@i-rikyjv.is](mailto:info@i-rikyjv.is)

**Íþróttageirinn** Fostur- og starfsgeitt, fjölskyldulegt, áskjalatökun og skattgjafi (VSK, LSK, MMSK) samt, þóð, Auknið íþróttastífl í fyrri 2-5 ára þróttastífl og fjölskyldulegt, fjölskyldulegt, fjölskyldulegt og fjölskyldulegt.

## Skáttafélag

**Skáttafélagið Háferri**  
Heimilisfang: Hagstíðarhlundur 11, 111 Reykjavík  
Sími: 865-8075  
Heimasíða: [www.haferri.is](http://www.haferri.is)  
Netfang: [skata@haferri.is](mailto:skata@haferri.is)  
Netfang: [skata@haferri.is](mailto:skata@haferri.is)

## Skáttafélagið Sogli

Heimilisfang: Þróttarí 3, 103 Reykjavík  
Sími: 597-2319  
Heimasíða: [www.sogli.is](http://www.sogli.is)  
Netfang: [info@sogli.is](mailto:info@sogli.is)

## Íþróttafélagið Leiknir

Heimilisfang: Austurvangur 1, 111 Reykjavík  
Sími: 553-8003  
Heimasíða: [www.leiknir.is](http://www.leiknir.is)  
Netfang: [leiknir@leiknir.is](mailto:leiknir@leiknir.is)  
Auknið íþróttastíflunni 2-5 ára og eldri

## Sundfélagið Egir

Heimilisfang: Laugavegur 10, 101 Reykjavík  
Sími: 553-3116  
Netfang: [egir@egir.is](mailto:egir@egir.is)  
Heimasíða: [www.egir.is](http://www.egir.is)  
Netfang: [egir@egir.is](mailto:egir@egir.is)



## Dattskólar

**Dans Brynju Péturs**  
Heimilisfang: Þróttarí 3, 103 Reykjavík  
Sími: 597-2319  
Heimasíða: [www.dans.is](http://www.dans.is)  
Netfang: [info@dans.is](mailto:info@dans.is)

## Dattskólar

**Dattskólinn**  
Heimilisfang: Skuggarí 12, 100 Reykjavík  
Sími: 593-7080 og 593-7086  
Netfang: [info@dattskolinn.is](mailto:info@dattskolinn.is)  
Heimasíða: [www.dattskolinn.is](http://www.dattskolinn.is)  
Dattskólinn er fjölskyldulegt og fjölskyldulegt.

## Tónlistarskólar

**Tónskóli Eddu Borg**  
Heimilisfang: Klermanns 18, 100 Reykjavík  
Sími: 592-3682  
Heimasíða: [www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)  
Netfang: [info@tonskoli.is](mailto:info@tonskoli.is)

## Tónlistarskólar

**Tónskóli Sigurveis**  
Heimilisfang: Austurvangur 1, 111 Reykjavík  
Sími: 553-8003  
Netfang: [info@tonskoli.is](mailto:info@tonskoli.is)

## Skátfélag

**Skátfélagið Huglin**  
Heimilisfang: Öðgeri / Leikskólinn og skólinn í Skólavágs  
Sími: 511-2119  
Heimasíða: [www.skatafagid.huglin.is](http://www.skatafagid.huglin.is)  
Netfang: [info@skatafagid.huglin.is](mailto:info@skatafagid.huglin.is)

## Frístundamióstöð

**Mjóberg**  
Heimilisfang: Öðgeri 1, 111 Reykjavík  
Sími: 511-2119  
Heimasíða: [www.mjoberg.is](http://www.mjoberg.is)  
Netfang: [info@mjoberg.is](mailto:info@mjoberg.is)  
Starfsmaður: [info@mjoberg.is](mailto:info@mjoberg.is)  
Frístundamióstöðin er fjölskyldulegt og fjölskyldulegt.

Reykjavíkurborg býður upp á miðlungs- og fyrri deilium og unglinga frá 6-18 ára, sem eru með lögfræmni í Reykjavík. Styrkingin er 50.000 kr. fyrir árið 2019, og hefur að nýja hátt í alla þróttastíflunum. Íþróttafélag aðstoða við að nýta frístundakortid.

## Tillögur stýrihóps TUFF – Reykjavík:

Við lok TUFF-Reykjavíkur verkefnisins 2019-2020 hefur stýrihópur verkefnisins samþykkt að leggja fram eftirfarandi tillögur til Reykjavíkurborgar.

- 1. Mikilvægt er að vinna heildrænt og samþætta allar einingar samfélagsins sem tengjast velferð barna og unglinga.**
  - Hugað verði að stefnu borgarinnar um Inter Cultural Cities
- 2. Íþróttir og frístundastarf þurfa að vera formlegur hluti af þverfaglegri samþættingu úrræða fyrir börn og ungmenni í áhættuhópum.**

Auk þarf enn frekar samvinnu starfsmanna þjónustumiðstöðva velferðarsviðs og íþrótt- og frístundaáðila. Koma þarf upp áhrifaríkum leiðum til opnari samskipta þessara áðila.
- 3. Aðferðir til þess að ná til og auka þátttöku barna og unglinga þarf að sníða eftir því hvaða hópur á í hlut, þ.e. út frá efnahagslegum aðstæðum, uppruna, þjóðerni og trúarlegum gildum. Mikilvægt er að nýta ólíkar leiðir til þess að ná til ungmenna og foreldra þeirra.**

**Meðal þeirra leiða eru:**

  - Almennar kynningar fyrir nemendum grunnskólanna
  - Kynningar fyrir kennurum og starfsfólki grunnskólanna
  - Kynningar fyrir starfsfólki frístundaheimila og frístundamiðstöðva
  - Kynningar fyrir foreldrum og börnum í trúfélögum
  - Kynningar fyrir foreldrum og börnum sem stunda móðurmálsskóla
  - Kynningar fyrir foreldrum í gegnum Mentor á viðeigandi tungumálum, foreldrafundi/foreldraviðtöl í grunnskólum
  - Almennar kynningar í gegnum hverfisblöð og netmiðla á ólíkum tungumálum
  - Upplýsingaefni/upplýsingagjöf á ólíkum tungumálum á bókasöfunum, menningarhúsum, þjónustumiðstöðvum og þjónustuverum
  - Bókasafns- og upplýsingarfræðingar og námsráðgjafar í skólum virkjaðir í upplýsingagjöf
  - Kynningar fyrir starfsmönnum þjónustumiðstöðva, barnaverndar og keðjunnar
  - Kynningar fyrir starfsmönnum íþróttafélaga
- 4. Auka þarf samvinnu skólastjórnenda og starfsmanna grunnskólanna annars vegar og íþrótt- og frístundaáðila hins vegar.**
  - Samstarf um kynningar íþrótt- og frístundatilboða í skólunum
  - Samstarf um viðbrögð þegar kennarar hafa upplýsingar um áhuga nemenda til þátttöku í íþróttum eða frístundastarfi
  - Samstarf um atvinnutengt nám
- 5. Auka þarf samvinnu stjórnenda og starfsmanna frístundaheimila og frístundmiðstöðva annars vegar og íþrótt- og frístundaáðila hins vegar.**
  - Samstarf um kynningar íþrótt- og frístundatilboða í frístundmiðstöðvum/félagsmiðstöðvum (Samfés)
  - Samstarf um viðbrögð þegar starfsmenn frístundar eða félagsmiðstöðva hafa upplýsingar um áhuga nemenda til þátttöku í íþróttum eða frístundastarfi.

- 6. Efla þarf samstarf við öll trúfélög, sérstaklega til þess að ná til barna og foreldra af erlendum uppruna.** Trúfélög gegna mikilvægu hlutverki í menningu margra þjóðerna og því mikilvægt að huga að virku samstarfi með þeim.
- 7. Fræðsla um menningarnæmi og hvernig taka skal á móti og umgangast börn með fjölbreyttan bakgrunn og uppruna í íþrótt- og frístundastarfi. Slík fræðsla þarf að vera reglulegur þáttur í uppfræðslu þjálfara, kennara og leiðbeinenda.**
  - Rule of law = Rule of sport
  - Námskeið í menningarnæmi
- 8. Ástæða er talin til að endurskoða reglur um notkun frístundakorts.**
  - Þekking á frístundakortinu og möguleikum þess, sérstaklega hjá foreldrum af erlendum uppruna var af skornum skammti. Oft var þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttum minni en raunverulegur áhugi gaf til kynna. Ástæðan var sú að frístundakortið hafði þegar verið nýtt til þess að greiða fyrir kennslu í erlendu tungumáli fyrir börn (móðurmáli) eða fyrir frístundaheimili en ekki til íþrótt- eða frístundaþátttöku. Móðurmálsnám fjölda barna fer gjarnan fram á sama tíma og þau annars gætu tekið þátt í íþrótt- og frístundastarfi.
  - Skoða mætti hvort að Reykjavíkurborg gæti fjármagnað rekstur frístundaheimila og móðurmálsskóla með öðrum hætti en með frístundakortsframlagi.
- 9. Þjóða þarf upp á tímabundinn aðlögunarþátttökutíma án endurgjalds fyrir nýja iðkendur í yngstu árgöngum grunnskóla í íþróttum og frístundum.** Á aðlögunartímanum verði þeim gert kleift að prófa sig áfram, færa sig á milli frístundamöguleika án skipulagslegra og fjárhagslegar hindrana. Með þessu móti er fjárhagslegum og skipulagslegum hindrunum rutt úr vegi tímabundið á meðan iðkendum er gefið tækifæri á að festa þátttöku sína í sessi.
  - Þriggja til tólf mánaða aðlögunartímabil væri æskilegast
  - Tækifæri til að prófa og færa sig á milli íþrótt- og frístundastarfs án kostnaðarhindrana
  - Skipulagðar ferðir á milli skóla og frístundaaðstöðu á ákveðnum tímum dags án endurgjalds
  - Rafrænt inneign á frístundakorti eða frístundamiðar frá Reykjavíkurborg verði nýttir til greiðslu
  - Þróunarsjóður frístundakortsins verði stofnaður. Hugsanlega má sjá fyrir sér sértæka útfærslu þannig að ef nýting frístundakorts fer t.d. undir 80% þá fari það fjármagn sem annars hefði nýst börnum í sérstakan þróunarsjóð sem hafi það að markmiði að auka þátttöku í frístundum og félagslegu starfi.
- 10. Styðja þarf og efla ný verkefni sem hafa sprottið eða munu spretta upp úr starfi TUFF**
  - Jóí og baunagrasíð: Félagsráðgjafar finna börn sem eru óvirk. Íþróttþjálfari/leiðbeinandi í frístundum sækir barnið inn á heimili og fylgir því á æfingar fyrstu vikurnar
  - Íþrótt- og frístundtengill í Fellaskóla: Kennari finnur börn sem eru óvirk. Íþrótt- og frístundatengill hjálpar barninu að hefja þátttöku og fylgir því á æfingar fyrstu vikurnar
- 11. Nýta þarf hugmyndir úr TUFF verkefninu við framkvæmd „Velkomin í hverfið“ verkefnið í öllum hverfum borgarinnar**
- 12. Samfélagsverkefni sem þetta þarf að framkvæma með aðkomu og vitneskju viðeigandi ráðuneyta, ásamt því að útfæra á sveitarstjórnarstigi.** Forvarnargildi verkefnisins er ótvírætt og mikilvægt að börn og unglingar, burt séð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga í samfélaginu, tryggir betri árangur þeirra í námi og

gefur þeim mikilvægt veganesti inn í lífið. Verið sé að gæta sameiginlegra hagsmuna þjóðfélagsins í heild til framtíðar.

- Boðið verði upp á kynningu á niðurstöðum fyrir fulltrúa ráðuneyta og lögreglunnar
- Kynningar fyrir borgaryfirvöld

## Lokaorð

Augljóst er að börn af erlendum uppruna, börn sem koma frá fátækum heimilum og börn með með fjölbreyttan bakgrunn eða erfiðar aðstæður þurfa öfluga aðstoð við að hefja þátttöku og endast í íþrótt- og frístundastarfi. Reynslan af TUFF verkefninu sýnir að fjárhagleg aðstoð við þátttöku þessara barna er nauðsynleg og möguleikinn til að prófa fjölbreytt úrval íþrótt- og frístunda án fjárhagslegra hindrana er mjög mikilvægur. Hjálp við að hefja þátttöku er mikilvæg og að börnin og foreldrarnir geti notið aðstoðar, upplýsinga og hvatningar. Leita þarf leiða til að geta boðið víðar upp á þátttöku í vinsælum íþróttagreinum sem ekki hafa náð mikilli útbreiðslu hér á landi s.s. krikket, hafnabolta, mjúkbolta og ruðningi. Upplýsingar um íþrótt- og frístundaframboð þurfa að vera á móðurmáli viðkomandi og ef upplýsingarnar koma úr mörgum áttum hjálpar það til við að upplýsa bæði börn og foreldra um það sem er í boði í íþróttum og frístundum hverju sinni. Nauðsyn þess að fá fulltrúa mismunandi þjóða og menningarhópa til samstarfs um að kynna íþrótt- og frístundastarfið og starfa við það er augljós. Þá þarf að upplýsa alla foreldra reglulega og sérstaklega þá af erlendum uppruna um forvarnagildi íþrótt- og frístundaþátttöku barna og hve ríkur þáttur þessi starfsemi er í menningarlífi Íslendinga. Íþrótt- og frístundaþátttaka barna og unglunga stuðlar að heilusamlegu lífverni og er kjörinn vettvangur til tengslamyndunar og myndunar vinatengsla.

TUFF – Reykjavík verkefnið hafði jákvæð áhrif á þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og frístundastarfi. Verkefnið ýtti undir aukið og bætt samstarf skóla, íþrótt- og frístundaðila og stofnana borgarinnar og opnaði á samstarf borgarstofnana við stofnanir og félagasamtök fólks af erlendum uppruna til kynningar og skoðanaskipta.

Nú þegar hefur reynslan af TUFF - Reykjavík verkefninu verið nýtt í tillögur í Reykjavík um hvernig bæta megi möguleika barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra til virkrar þátttöku í íslensku intercultural samfélagi þar sem virðing er borin fyrir öllum óháð bakgrunni viðkomandi.

Reykjavík 22. apríl 2020

F.h. stýrihóps TUFF-Reykjavík

Þráinn Hafsteinsson

Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs

Þjónustumiðstöð Breiðholts



